

## REGLUR

### um breyting á reglum nr. 481/2008, um vöruval og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Grein 7.12. í reglunum verður svohljóðandi: ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni – www.vinbud.is. ÁTVR breytir útsöluverði sínu að jafnaði fyrsta dag hvers mánaðar. Birgjar geta breytt verði sínu til ÁTVR mánaðarlega. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega til ÁTVR eigi síðar en tuttugasta dag hvers mánaðar á undan verðbreytingardegi. ÁTVR getur til 1. desember 2009 heimilað birgjum að breyta verði sínu oftár ef sérstakt tilefni er til.

Reykjavík, 28. maí 2009.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,

**Sigrún Ósk Sigurðardóttir.**

Með vísan til 8. gr. reglugerðar nr. 883/2005, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, eru reglur þessar hér með staðfestar og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. maí 2009.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Reynisson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2009